

Reykjavík, 4. október 2004

Efni: Drög að frumvörpum um hlutafélög og einkahlutafélög

Með vísan til upplýsinga á heimasíðu ráðuneytisins sendir Verslunarráð hér með umsögn um drög að frumvörpum til breytinga á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og einkahlutafélög nr. 128/1994. Verslunarráð gerði í september athugasemdir við skýrslu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis en niðurstöður nefndarinnar virðast liggja til grundvallar ofangreindum frumvörpum. Verslunarráð hefði viljað sjá í skýrslunni almenna umfjöllun um kosti og galla annars vegar lagasetningar (hard law) og hins vegar óskuldbindandi reglna eins og t.d. leiðbeininga Verslunarráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins (soft law). Í Danmörku og Bretlandi hefur leiðbeiningaleiðin verið farin. Í bréfi til iðnaðar- og viðskiptaráðherra, dags. 16. september, koma fram sjónarmið ráðsins um skýrsluna og bent á þá möguleika sem *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja** bjóða upp á til þess að efla og styrkja íslenskt viðskiptaumhverfi. Þau sjónarmið eiga enn við að mati ráðsins og fylgir bréfið umsögn þessari. Verslunarráð vill hins vegar einnig koma að sjónarmiðum vegna einstakra ákvæða frumvarpanna og koma um leið að ábendingum um æskilegar breytingar á hlutafélagalöggjöfinni. Umsögn þessi er því í þremur hlutum. Fyrst er gert grein fyrir hugmyndum ráðsins sem gætu leitt til farsællar niðurstöðu af endurskoðun laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Þá setur ráðið fram athugasemdir um einstakar greinar frumvarps til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Að lokum er svo kafli um breytingar á löggjöfinni sem Verslunarráð telur æskilegar en frumvörpin fjalla ekki um.

Forsendur lagabreytinga

Nú er rétt hálf ár síðan Verslunarráð Íslands (VÍ), Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins kynntu *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*. Viðbrögð forsvarsmanna fyrirtækja hafa verið mjög góð samkvæmt athugun Verslunarráðs. Öll skráðu fyrirtækin í Kauphöll Íslands, sem jafnframt eru aðilar að Verslunarráði, hafa tekið þessar leiðbeiningar til umræðu með það að markmiði að fylgja þeim að hluta eða

* Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar 2004 af Verslunarráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

öllu leyti. Þá hafa öll hin öflugu íslensku fyrirtæki sem starfa í alþjóðlegu umhverfi tekið upp mörg af þeim atriðum sem nefnd eru í leiðbeiningunum.

Kauphöll Íslands hefur ákveðið að gera *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* að hluta síns regluverks sem þýðir að skráð fyrirtæki þurfa að framfylgja leiðbeiningunum eða gera grein fyrir því á markaði hvers vegna þau geri það ekki.

Útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti byggði á nokkrum grundvallarþáttum eins og starfskjörum, óhæði stjórnarmanna og undirnefndum stjórnar o.fl. Eðlilega mátti gera ráð fyrir gagnrýnni umræðu um einstakar greinar leiðbeininganna. Þýðingarmest er þó að margar stjórnir hafa tekið til umræðu hlutverk sitt og stöðu einstakra stjórnarmanna. Leiðbeiningarnar eru því orðnar þáttur í bættu verklagi og stjórnarmenningu hérlendis. Þannig er viðskiptalífið að ná árangri í því að hækka viðmiðin án þess að skerða nauðsynlegan sveigjanleika í rekstri og stjórnun fyrirtækja. Fyrir nokkrum árum hefði ekki þótt ástæða til að upplýsa um það sérstaklega að stjórnarmenn skráðs fyrirtækis væru einnig í öðrum störfum fyrir sama fyrirtæki og hvernig starfskjör væru ákveðin svo eitthvað sé nefnt. Nú þurfa upplýsingar af þessu tagi að liggja fyrir og verklag stjórna er orðið skýrara. Augljóst er að fyrirtækin sjálf og eigendur þeirra hafa mikilla hagsmuna að gæta að þessi mál séu í góðu horfi.

Fjögur atriði verða sérstaklega gerð að umfjöllunarefni:

1. Mörk ólíkra félagsforma og stærð fyrirtækja
2. Rannsókn á stöðu hluthafa í litlum fyrirtækjum.
3. Leiðbeiningar um stjórnarhætti skráðra fyrirtækja
4. Leiðbeiningar um stjórnarhætti óskráðra fyrirtækja

1. Mörk ólíkra félagsforma og stærð fyrirtækja

Ástæða þess að mörg ákvæði eru sett í frumvarpsdrögin sem snerta þúsundir íslenskra fyrirtækja er án efa sú að markalínur milli einkahlutafélaga og hlutafélaga eru óskýrar. Af töflu á bls. 78 í skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi má draga þá ályktun að mönnum hætti til að gera lítinn sem engan greinarmun á milli þessara félagaforma. Í töflunni er nefnilega ekki að finna sundurliðaðar tölur um fjölda hlutafélaga, skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga, heldur einungis sameiginlegan fjölda þeirra.

Hér á landi tíðkast það ekki endilega að stór fyrirtæki séu hlutafélög og öll lítil fyrirtæki einkahlutafélög eins og þó var gert ráð fyrir þegar lög um einkahlutafélög voru sett. Í raun vantar upplýsingar um þetta hér á landi og ennfremur vantar upplýsingar um heildarhlutafé, veltutölur ólíkra rekstrarforma og helstu tegundir atvinnurekstrar. Auk þess er æskilegt að fyrir liggi fjöldi hluthafa hlutafélaga annars vegar og einkahlutafélaga hins vegar. Verslunarráð leggur til að gert verði með ítarlegum hætti grein fyrir þessum atriðum áður en hugað verði að lagasetningu.

Ljóst er að ýmis sjónarmið sem eiga vel við um félög skráð á markaði eiga síður og jafnvel engan veginn við um óskráð hlutafélög og einkahlutafélög. Í nágrennalöndum okkar hefur áhersla verið lögð á að greina á milli skráðra félaga,

óskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga, sbr. Aðgerðaráætlun ESB frá maí 2003. Þar er áhersla lögð á skráð hlutafélög og ófrávíkjanlegar og íþyngjandi reglur um einkahlutafélög skornar niður. Verslunarráð telur eðlilegt að skoðað verði hvort setja megi sérstök ákvæði í hlutafélagalög um skráð félög og hvort æskilegt sé að skilja meira á milli hlutafélaga og einkahlutafélaga.

2. Rannsókn á stöðu hluthafa í litlum fyrirtækjum.

Í viðræðum Verslunarráðs við fulltrúa ráðuneytis og í kynningu nefndar ráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi hefur verið gefið í skyn að mörg dæmi megi nefna um skort á minnihlutavernd í litlum fyrirtækjum sem hafi bæði leitt til þess að einstaklingar urðu illa úti vegna þátttöku í litlum fyrirtækjum og að þar með hafi áhugi einstaklinga almennt á fyrirtækjapátttöku minnkað. Á þeirri forsendu er því haldið fram að bætt löggjöf geti aukið minnihlutavernd í litlum fyrirtækjum og bætt samkeppnisstöðu Íslands. Fulltrúar fyrirtækja hafa hins vegar lýst því yfir að hér sé verið að íþyngja þúsundum lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna tiltölulegra fárra dæma um misbeitingu meirihlutavalds í fyrirtækjum.

Í ljósi þess að frumvarpið gengur lengra í ýmsum eignum en þekkist í nær öllum samkeppnislöndum okkar, hlýtur að vera mikilvægt að leita svara við umfangi þessa vanda. Það hlýtur að vera kappsmál allra þeirra, sem um þessi mál fjalla, að áður en lög eru samþykkt, sé gerð úttekt á stöðu minnihluta í óskráðum fyrirtækjum. Verslunarráð er reiðubúið til að standa að slíkri athugun í samráði við viðskiptaráðuneyti og að stefnt verði að því að þeirri vinnu ljúki á haustmánuðum 2005. Í framhaldinu er eðlilegt að aðilar viðskiptalífsins og ráðuneytið ræði niðurstöðurnar og hvort og hvernig bregðast eigi við þeim.

3. Leiðbeiningar um stjórnarhætti skráðra fyrirtækja

Hvergi í hinum vestræna heimi eru til staðar jafn ítarleg lagaákvæði um starfsemi óskráðra fyrirtækja og gert er ráð fyrir í frumvarpi viðskiptaráðherra. Reglur um starfsemi eiga fyrst og fremst við um skráð félög og *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* og reglur Kauphallar eru nú þegar ítarlegri héraendis hvað þetta varðar en þekkist í flestum Evrópulöndum.

Eins og fram hefur komið í viðræðum fulltrúa nefndar um stjórnarhætti fyrirtækja við ráðuneytið er í nær öllum löndum sem við berum okkur saman við (að Danmörku undanskilinni) sambærileg lagaákvæði um stjórnarformenn og eru í íslensku hlutafélagalögunum í dag. Um hlutverk stjórnarformanns og verkaskiptingu hans og framkvæmdastjóra er hins vegar fjallað í leiðbeiningum um stjórnarhætti í nokkrum löndum.

Verslunarráð telur eðlilegt að skýr verkaskipting sé á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra í fyrirtækjum og að hluthafar og markaðurinn geri sér grein fyrir því. Fyrirhuguð er endurskoðun Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem á að koma til framkvæmda árið 2005. Verslunarráð leggur til að nefnd um stjórnarhætti

skoði gaumgæfilega hvernig hugsanlegt sé að taka á verkaskiptingu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Forsenda þess er þó sú að þeirri óvissu sem almennt lagaákvæði um þetta efni getur skapað verði eytt.

Eftirfarandi er þýðing á nokkrum málsgreinum úr leiðbeiningum um stjórnarhætti í öðrum löndum og snerta verksvið stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Að mati Verslunarráðs er eðlilegt að þessar hugmyndir liggi til grundvallar í þeirri vinnu sem fara þarf fram á endurskoðun Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

- a. Tvö eru þau hlutverk, sem hæst ber hjá öllum félögum, hlutverk stjórnarformanns hvers hlutverk það er að stýra stjórninni og hlutverk framkvæmdastjóra, sem er að annast daglegan rekstur félagsins.
- b. Stjórninni ber að setja skýrar skriflegar reglur um hvernig ábyrgð og verkum er skipti milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.
- c. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin virki á viðunandi hátt og að stjórnin sinni störfum sínum sem best hún má og því er nauðsynlegt að skrifleg starfslýsing liggi fyrir um störf og ábyrgð stjórnarformanns og hvernig ætlast er til að hann sinni störfum sínum.
- d. Verkaskipting innan yfirstjórnar félagsins, þ.e. milli stjórnar og framkvæmdastjóra, þarf að liggja fyrir þannig að skýrt sé hver ber ábyrgð á hverju.
- e. Eitt af þýðingarmestu hlutverkum stjórnarinnar er að skiptast á skoðunum á hreinskiptinn hátt við framkvæmdastjóra þegar til umræðu eru stefnumarkandi ákvarðanir um framtíðarstefnu félagsins.
- f. Þær upplýsingar sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn þurfa bæði að berast tímanlega og vera í því formi og af þeim gæðum að stjórnin geti gegnt störfum sínum þannig að vel verði við unað.

Verslunarráð leggur til að frestað verði lagasetningu um atriði er varðar stjórnarhætti skráðra fyrirtækja og hægt er að setja í leiðbeiningar, þar til fyrir liggur reynsla af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og þeim fyrirmælum sem Kauphöllin mun setja í framhaldi af þeim.

4. Leiðbeiningar um stjórnarhætti óskráðra fyrirtækja

Í framhaldi af frumkvæði Verslunarráðs um *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* hefur komið fram að ráðið hefur áhuga á því að leita samstarfs við aðra aðila í viðskiptalífinu um gerð sérstakra leiðbeininga um stjórnarhætti óskráðra fyrirtækja. Finnska verslunarráðið vinnur að slíkum leiðbeiningum um þessar mundir og fyrir liggja ítarlegar hugmyndir í Bretlandi um stjórnarhætti fjölskyldufyrirtækja (Family Firms and Their Governance. Höfundur er Sir Adrian Cadbury).

Í stað lagaboða yrðu fyrirtæki hvött til þess að setja sér eigin leiðbeiningar sem snúa m.a. að þeim þáttum sem fjallað er um í frumvarpsdrögunum. Með leiðbeiningum fá fyrirtækin og eigendur þeirra eðlilegt svigrúm til þess að móta starfsreglur sínar að

aðstæðum hvers fyrirtækis fyrir sig til hagsbóta fyrir eigendur sína. Slíkar leiðbeiningar mundu og auðvelda litlum hluthöfum að gæta hagsmuna sinna. Auðvitað er ljóst að aðhald markaðarins verður ekki með sama hætti og hjá skráðum fyrirtækjum. Hins vegar er ljóst að m.a. viðskiptaaðilar og lánadrottnar minni fyrirtækja og auðvitað eigendur hafa af því hag að slíkar leiðbeiningar séu til staðar og að fyrirtækin geti sniðið sér stakk eftir vexti.

Verslunarráð hvetur til þess að viðskiptaráðherra íhugi þennan möguleika varðandi óskráð félög. Leiðbeiningar um stjórnarhætti óskráðra félaga geta stuðlað að bættum stjórnarháttum og minnihlutavernd án þess að skerða svigrúm fyrirtækja til að sníða sínar starfsreglur að ólíkum aðstæðum og umfangi fyrirtækjanna. Verslunarráð býðst til að kynna fulltrúum ráðuneytisins þessar hugmyndir nánar.

Frumvarp til laga um br. á lögum um hlutafélög

1. gr. (og þar með einnig 8. gr.).

Gert er ráð fyrir að tilkynna skuli um framboð til stjórnar hlutafélags skemmst fimm dögum fyrir hlutahafafund þar sem kjósa á félagsstjórn. Hér á landi hefur það tíðkast hjá mörgum félögum að menn lýsi framboði sínu til stjórnar á sjálfum hlutahafafundi. Ákvæði um lágmarks framboðsfrest felur því í sér umtalsverðar breytingar fyrir sum félög en ekki eru færð rök fyrir því að nauðsynlegt sé með þessum hætti að gera öllum hlutafélögum að viðhafa svo langan lágmarksfrest.

Þá er kveðið á um ítarlega upplýsingagjöf í tilkynningu til framboðs til stjórnar í öllum hlutafélögum. Ákvæði um skyldu til upplýsinga um hagsmunatengsl er óljóst og gæti verið túlkað afar rúmt, einkum í ljósi þess litla samfélags sem Ísland er. Skilgreina þarf hvað geti talist hagsmunatengsl. Þá verður að hafa í huga að aðilar í stjórnarkjöri geta ekki alltaf upplýst um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila. Það á við ef viðkomandi frambjóðandi hefur ekki átt aðild að stjórninni áður og hefur ekki aðgang að upplýsingum um rekstur félagsins. Auk þess geta upplýsingar um helstu viðskiptaaðila verið bundnar bankaleynd eða í einstökum tilvikum talist til innherjaupplýsinga. Ákvæðið getur því hugsanlega takmarkað möguleika áhugasamra frambjóðenda.

Í greininni er félagsstjórn svo falið að meta gildi framboðs til stjórnar. Það hlýtur að teljast óheppilegt að sitjandi stjórn hafi slíkt hlutverk með höndum.

Í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er fjallað ítarlega um óhæði stjórnarmanna og upplýsingagjöf til stjórnar.

Verslunarráð Íslands telur edlilegra að ákvæði um upplýsingagjöf séu í leiðbeiningum fyrirtækja.

2. gr.

Í núgildandi lögum er lagt bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur og óvanalegar og mikilsháttar ráðstafanir falla ekki þar undir, t.d. stefnumótun og meiri háttar samningar. Í frumvarpinu er formanni félagsstjórnar ekki heimilt að taka að sér önnur

störf fyrir félagið en þau sem „teljast eðlilegur hluti“ starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum „einstökum verkefnum“ sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig. Ekki er tilgreint hvað teljast megi eðlilegur hluti starfa stjórnarformanns, en fram kemur í frumvarpinu að meðal íslenskra fyrirtækja sé verkaskipting milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra nokkuð skýr; framkvæmdastjóri sinni verkefnum sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinni öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Síðar er tekið fram að það geti verið álitamál hvort slík verk falli undir eðlilegt verk svið stjórnarformanns. Gera verður þær kröfur til lagafrumvarpa að þau veki ekki upp fleiri spurningar en þeim er ætlað að svara.

Verslunarráð Íslands telur mjög varasamt að skapa óvissu um stöðu stjórnarformanna fyrirtækja eins og ákvæðið augljóslega gerir. Verslunarráð Íslands hefur bent á að hlutverk stjórnarformanns sé að vinna að hagsmunum félagsins, móta stefnu og vinna að vexti þess. Í athugasemdum í greinargerð er sagt að það tíðkist hér á landi að stjórnarformaður sé jafnframt meðal æðstu stjórnenda fyrirtækis og sinni daglegum störfum fyrir það og sé titlaður starfandi stjórnarformaður. Verslunarráð telur þennan skilning á störfum þeirra stjórnarformanna sem sinna t.a.m. útrás fyrirtækis ekki eðlilegan. Í frumvarpinu er tekið fram að hægt sé að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns, t.d. með því að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Þeir stjórnarformenn sem kalla má starfandi í dag sinna augljóslega ekki því sem fellur undir störf framkvæmdastjóra, þ.e.a.s. þeir annast ekki daglegan rekstur. Vissulega geta mörkin milli daglegra starfa og annarra verið óljós en þó má ljóst vera að hlutverk stjórnarformanns er ávallt viðameira en það að boða til stjórnarfunda og stýra þeim.

Ein meginröksemdin fyrir því að breyta núverandi fyrirkomulagi hefur verið nefnd sú að eitt af hlutverkum stjórnarformanns sé að stýra eftirliti með félaginu og að starfandi stjórnarformaður geti ekki sinnt þessu hlutverki sínu nægilega vel. Staðreyndin er hins vegar önnur. Þegar litið er á íslenskan markað kemur í ljós, að þau félög sem hafa á að skipa starfandi stjórnarformanni eru einmitt þau félög sem eru leiðandi í markvissu eftirliti á sínu félagi.

Í Bretlandi hefur markaðurinn einkennst reglum sem stafa af frumkvæði markaðarins sjálfs. Markaðurinn starfar eftir ákveðnum almennum lögum en skipar sér eftirlitsaðila sem setur nánari reglur, hefur eftirlit með því að þeim sé fylgt og hefur burði til þess að fylgja því eftirliti eftir. Helsti kostur þessa fyrirkomulags er sveigjanleiki. Markaðurinn hefur miklu betri tækni á því að meta hver þróunin er og bregðast við henni með skjótari og markvissari hætti heldur en ríkisvaldið getur gert með lagaboðum. Í Bretlandi tíðkast að stjórnarformenn geta verið starfandi eða ekki, rétt eins og gilt hefur hingað til á Íslandi. Hefur verið litið svo á að það sé undir fyrirtækjunum sjálfum komið hvernig þau telji stjórn þess best fyrir komið. Í Frakkland eru afskipti ríkisins af markaðinum mun meiri en þekkist í Bretlandi. Þar er umfangsmikið regluverk en þrátt fyrir það hefur borið á hneykslismálum á borð við Vivendi Universal málið. Ótal lagaboð eru ekki til þess fallin að koma í veg fyrir spillingarmál af þeim toga sem tillögur nefndar viðskiptaráðuneytisins virðast eiga að bregðast við.

Annar þáttur og ekki síður mikilvægur í starfi stjórnarformanns og stjórnar er stefnumótun. Árangursrík og virk stefnumótun félags verður ekki til án þess að stjórn félagsins búi yfir yfirgripsmikilli þekkingu á rekstri þess. Til þess að félag vaxi og dafni verður stefnumótun þess að vera markviss og félagið verður að vera í stakk búið til þess, stundum með skömmum fyrirvara, að grípa þau tækifæri sem gefast til þess að markmið þess geti orðið að veruleika. Reynsla fyrirtækja á Íslandi hefur sýnt að félög með starfandi stjórnarformann eru þau félög sem vegnað hefur hvað best. Þau hafa haft á að skipa stjórnarformanni og stjórn sem getur beitt sér með markvissum hætti í því að nýta þau tækifæri sem gefast og tryggja þannig hagsmuni fyrirtækis og hluthafa.

Bæði eftirlitshlutverkið og stefnumótunarhlutverkið eru mikilvægir þættir í starfi hverrar stjórnar og sú stjórn sem getur sinnt báðum þessum hlutverkum vel, sinnir sínum skyldum. Hætt er við, að með þeim tillögum sem nú liggja fyrir, að eftirlitshlutverkið yrði ráðandi á kostnað stefnumótunarhlutverksins. Með því að veikja stefnumótun fyrirtækja skapast sú hættu að fyrirtæki glati tækifærum og rekstur þeirra verði verri en ástæða er til. Félagsstjórn sem miðar fyrst og fremst að því að halda uppi fullkomnu eftirliti á starfsemi þess, gætir ekki allra hagsmuna hluthafa sinna frekar en sú stjórn, sem vanrækir eftirlitsþáttinn í stjórnarháttum sínum.

Til þess að stjórnarformenn í stórum, alþjóðlegum fyrirtækjum geti sinnt leiðtogahlutverki sínu og rækt eftirlitsskyldu sína verða þeir að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á rekstri og rekstrarumhverfi fyrirtækisins. Þær skyldur sem eru lagðar á herðar stjórnarformanns er því í sumum tilfellum erfitt að sinna með fullnægjandi hætti í hlutastarfi. Einnig er óraunhæft að ætla að framkvæmdastjóri geti sinnt stefnumótun, a.m.k. hjá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum, enda væri þá hættu á að hann vanrækti lögbundnar skyldur sínar til að sinna daglegum rekstri.

Þá má velta því fyrir sér hvernig fari verði með brot gegn ákvæði 1. tl. 2. gr. og hvar eftirlitið með því að ákvæðinu sé framfylgt liggir. Verslunarráð telur að umrætt ákvæði gefi tilefni til flókens málareksturs, gjarnan af litlu tilefni.

Verslunarráð telur lagaákvæði um heimild félagsstjórnar til að halda fundi án framkvæmdastjóra ekki eðlilegt og til þess fallið að kynda að ástæðulausu undir tortryggni milli stjórnar og framkvæmdastjóra.

Verslunarráð telur að upplýsingar um verkaskiptingu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra frekar erindi í leiðbeiningar en lög og vill eins og áður segir stuðla að því við endurskoðun Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem stendur yfir.

3. gr.

Upplýsa skal félagsstjórn um veruleg viðskipti félagsins við aðila tengda því. Ákvæðið veitir enga vísbendingu um hvaða viðskipti geti talist veruleg. Hér á einnig við, það sem áður hefur komið fram um bankaleynd og hugsanlega ákvæði laga um persónuvernd.

4. gr. (og þar með einnig 6. gr.).

Í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er lögð áhersla á ítarlega upplýsingagjöf um starfskjör stjórnenda. Kauphöll Íslands hefur ákveðið að þessar leiðbeiningar verði hluti af reglum Kauphallar innan skamms. Því er engin þörf á sérstakri lagasetningu um starfskjör varðandi skráð félög. Augljóst er hins vegar að lög um starfskjör stjórnenda óskráðra félaga - þúsunda hlutafélaga og einkahlutafélaga – íþyngja fyrirtækjum. Hafa verður í huga að framkvæmdastjórnaskipti geta átt sér stað hvenær sem er og félagsstjórn þarf að geta samið við nýja stjórnendur án þess að eiga það á hættu að vekja tortryggni ef vikið er frá þeim stefnumiðum t.d. varðandi kauprétt sem samþykkt eru á aðalfundi. Þá má telja óeðlilegt að stjórn, sem hugsanlega verður ekki endurkjörin á aðalfundi, leggi fram stefnumið um starfskjör t.d. nýrra stjórnenda. Aðalfundur er þannig ekki heppilegur vettvangur fyrir samþykktir af þessu tagi.

Hér verður líka að vekja athygli á því að skýra þarf nánar túlkun á því ákvæði að stefnumið hluthafafundar um starfskjör stjórnenda séu bindandi fyrir m.a. kauprétti. Á aðalfundum fyrirtækja eru oft teknar ákvarðanir um að tilteknu magni hlutfjár sé ráðstafað í umbun til stjórnenda og starfsmanna og stjórn falið það verkefni. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið hvort slík ákvörðun hluthafafundar telst nægjanleg eða hvort hluthafafundur þarf að ákveða magn umbunar til stjórnenda.

5. gr. a. (og 9. gr.)

Greinin fjallar um heimild til þess að halda rafræna hluthafafundi. Verslunarráð telur að sú heimild sem hluthafafundi er veitt í 2. mgr., að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn með rafrænum hætti, sé eðlileg.

8. gr.

Hér á landi hafa ekki skapast vandamál vegna lágmarksfrests á boðun hluthafafunda. Verslunarráð sér ekki tilgang í að lengja lágmarksfrest fundarboðs úr einni viku í tvær vikur. Hafa verður í huga að hér á landi er ekki lagt fram mikið safn gagna eins og tíðkast víða í öðrum löndum. Auk þess eru samgöngur hér á landi mjög góðar. Þörfin fyrir tveggja vikna lágmarksfrest er því ekki fyrir hendi.

10. gr.

Tilgangurinn með greininni er að auka minnihlutavernd og veita stjórnendum félaga aukið aðhald. Í grg. vantar umfjöllun um þörfina fyrir slíku lagaákvæði hér á landi. Í dag hafa beiðnir til ráðuneytisins um sérstakar rannsóknir verið 2-3 og hefur ein þeirra verið samþykkt. Verslunarráð vill að minnihlutavernd sé tryggð en telur að svo lágt hlutfall hluthafa sem tilgreint er í greininni, 10%, geti valdið því að hluthafar í minnihluta fari fram á rannsókn af minnsta tilefni. Slíkt getur kallað á aukinn kostnað og getur raskað starfsfriði fyrirtækja. Í dag er réttarvernd minni hluthafa betri hér á landi en annars staðar m.a. útaf margfeldis- og hlutfallskosningakerfi 63. gr. hfl. sem veita minnihlutunum mun meiri innsýn í stjórnun félagsins fyrir tilstuðlan þátttöku fulltrúa síns í stjórninni.

12. gr.

Með greininni er leitast við að auka minnihlutavernd með því að lækka þau mörk lágmarkshlutfjár sem þarf á bak við ákvörðun um að höfða skaðabótamál í nafni félags á hendur stjórnendum þess og fleirum. Í gildandi lögum er miðað við að hluthafahópur þurfi að ráða yfir minnst 20% hlutfjár en hér er lagt til að miðað sé við 10%. Verslunarráð Íslands hefur ekki séð nein haldbær rök sem knýja á um breytingar á þessu ákvæði og sér ráðið enga ástæðu til að breyta núverandi hlutfalli.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um einkahlutafélög

Eins og áður hefur komið fram telur Verslunarráð afar mikilvægt að gera skýran greinarmun á milli einkahlutafélaga, hlutafélaga og skráðra félaga. Lítil fyrirtækja þurfa síst á að halda frekari íþyngjandi ákvæðum í tengslum við rekstur og stjórnun. Í ljósi markmiða frumvarpsins, að styrkja og efla íslenskt atvinnulíf, er mikilvægt að einkahlutafélagiformið sé raunhæft rekstrarform fyrir minni fyrirtæki og sá lagarammi sem þeim sé búinn taki mið af umfangi og eðli þeirra.

2. gr. (og þar með einnig 4. gr.)

Verslunarráð telur ekki að lögfesta eigi ákvæði sem þetta. Hér eiga við sömu sjónarmið og koma fram varðandi sambærilega umfjöllun 4. gr. frv. til br. á hfl. Hér er þó að áréttta þann mun sem er á einkahlutafélögum og hlutafélögum en ákvæði 2. gr. frumvarpsins eiga enn síður við um einkahlutafélög.

Í grg. er tekið fram að í Noregi og Svíþjóð sé unnið að undirbúningi lagasetningar um starfskjör stjórnanda. Í Noregi er lagt til að reglurnar um starfskjarastefnu verði einungis skylda fyrir *hlutafélög*, en að einkahlutafélög geti tekið upp slík ákvæði í samþykktir. Í Svíþjóð liggur ekki fyrir neitt opinbert lagafrumvarp. Vitnað eru til danskra *hlutafélagalaga* og reglugerðar í Bretlandi um skyldu stjórnenda *skráðra félaga*. Auk þess er vísað til undirbúningsvinnu Evrópusambandsins þar sem mælt er til þess að aðildarríki geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að félög sem *skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað* framfylgi ákvæðum tilmælanna. Því er ljóst að frumvarpið gengur lengra heldur en gengur og gerist í öðrum löndum þar sem horft er til skráðra hlutafélaga einungis en ekki til einkahlutafélaga eins og frumvarp þetta lýtur að.

3.gr. (og 7. gr.)

Að mörgu leyti eiga hér við sömu sjónarmið og komu fram í umfjöllun 5. gr. a. um hfl. Því má þó velta fyrir sér, í ljósi eðli einkahlutafélaga, hvort að rétt sé að meirihluti geti þvingað fram rafræna hluthafafundi gegn 25% hluthafa. Þótt þess sé kannski ekki langt að bíða að hægt verði að gera ráð fyrir því að öll þjóðin sé vel að sér í tölvunotkun þá er staðreyndin sú að stór hluti þjóðarinnar er enn ekki í stakk búinn til að taka þátt í fundum á rafrænu formi. Ekki er óvarlegt að ætla að svo eigi einmitt við um þá sem teljast til hlutafjáreigenda og tilheyra eldri kynslóðinni. Hér er lagt til að fyrirtæki fái tækifæri til að ákveða form hluthafafunda og það er hagsmunamál þeirra að öllum hluthöfum gefist eðlilegt svigrúm til þátttöku.

8. gr.

Verslunarráð telur ekki rétt að lögfesta ákvæði sem þetta. Hér eiga sömu sjónarmið við og komu fram í 10. gr. frv. til br. á hfl.

10. gr.

Verslunarráð telur ekki rétt að lögfesta ákvæði sem þetta. Hér eiga við sömu sjónarmið og komu fram í 12. gr. frv. til br. á hfl.

Æskilegar breytingar á lögum um hlutafélög

Verslunarráð vill að lokum taka undir það markmið sem bæði ofangreind frumvörp hafa að leiðarljósi; það að efla og styrkja viðskiptalíf á Íslandi og auka traust og tiltrú fjárfesta á rekstri félaga með takmarkaða ábyrgð. Verslunarráð telur hins vegar að þær leiðir sem farnar eru með frumvörpunum séu ekki réttar og telur að ýmsar aðrar lagabreytingar séu meira aðkallandi.

Sem dæmi má nefna reglur um hækkun hlutafjár, sem eru mjög gamaldags og gera ekki ráð fyrir að viðskipti með hlutina hefjist strax og sölu þeirra er lokið. Gera má ráð fyrir að ítarlegri reglur um bráðabirgðaskírteini gætu brúað bilið hér, þar til endanlegir hlutir hafa verið gefnir út, en þær eru mjög rýrar í dag og þyrfti að gera ráð fyrir slíkum hlutum í skráningu í Verðbréfaskráningu og Kauphöllinni. Mjög vantar á að kveðið sé á um réttarstöðu samlagshlutafélaga. Ekki er fyrir að fara skyldu til að tilkynna til hlutaskrár viðkomandi félags um kaup á hlutum í því þannig að hlutaskrá endurspegli réttan hluthafahóp - sjá 31. gr. Þessi regla er mikilvæg fyrir skráð félög á fjármagnsmarkaði svo hægt sé að fylgjast með viðskiptum innherja, flöggunum og yfirtökuskyldu. Þá þarf að skoða reglur 24. gr. um innlausnarheimild og hvort rétt að kveða á um slíkan rétt fjárhagslega tengdra aðila á skipulegum markaði í félagi ef þeir koma fram í sameiningu. Reglur um innlausnarheimild þarf ennfremur að tengja betur við yfirtökureglur.

Ýmis ákvæði um tilkynningar í Lögbirtingablaði eru ekki í takt við hagsmunum hluthafa skráðra félaga þar sem þessir hluthafar fylgjast með birtingu fréttu á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði þar sem hlutirnir eru skráðir. Slík upplýsingagjöf er mun tímanlegri og aðgengilegri. Fastsetja þarf almennar reglur um réttindi til arðs og jafnvel mætingu á hluthafafund. Gjaldldagi er viðmiðun á rétti til arðgreiðslu ef annað er ekki tekið fram í ákvörðun hluthafafundar, en framkvæmd á þessu hefur verið mismunandi og villandi í einstaka tilvikum. Lengja þarf heimild til kaupa á eigin hlutum úr 18 mánuðum í a.m.k. 36 mánuði fyrir skráð félög. Í 3. másl. 5. mgr. 90. gr. er kveðið á um að skrá yfir mætta hluthafa fylgi fundargerðabók aðalfundar. Þetta er óframkvæmanlegt fyrir stór skráð félög þar sem skrá yfir hluthafa er vistuð rafrænt og þjónar engum tilgangi að prenta út fleiri hundruð blaðsíður til að hengja við fundargerðarbók. Þá er í 4. másl. 5. mgr. 90. gr. kveðið á um að lesa skuli upp fundargerðabók í lok hluthafafundar. Þetta er mjög óheppileg regla sem sumir fundarstjórar túlka sem frávíkjanlega þannig að hluthafafundur geti veitt fundarstjóra og ritara umboð til að ganga frá fundargerð. Aðrir fundarstjórar túlka regluna ófrávíkjanlega og hafa látið

fundarritara lesa upp langa fundargerð þar sem t.a.m. skýrslur formanns og framkvæmdastjóra eru lesnar upp öðru sinni - flestum til mikils ama.

Verslunarráð er reiðubúið að leggja fram ítarlegar tillögur í þessum efnunum.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands

Þór Sigfússon